



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 141/760  
komudagur 27.11.2012

## Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp. (191. mál, 141. löggjafarþing 2012-2013).

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) ítrekar hér með eindregin stuðning sinn við efni þingsályktunar sem hér er endurflutt frá síðasta þingi. FV vill einnig með þessari umsögn, tiltaka atriði er komu fram í erindum FV til Alþingis um samgönguáætlun og ræða þau efnisatriði í víðara samhengi .

Efni tillögunnar er í samræmi við stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum í samgöngumálum og kynnt var Alþingi með umsögn FV til 140. löggjafarþings vegna þingsályktunartillagna um fjögurra ára samgönguráætlun 2011-2014 (392. mál) og samgönguáætlun 2011-2022 (393.mál).

- „Að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfi Strandasýslu, með því að áfangaskipta framkvæmdum og flýta áföngum þeim sem þegar eru inni á áætlun: a. Nýr vegur um Bjarnafjarðarháls. b. Nýr vegur um Veiðileysuháls. c. Vegalagning út með Reykjafirði eða yfir í Trékyllisvík.  
**Heilsársvegur í Árneshrepp er skilyrði fyrir því að byggð standi í hreppnum**, en jafnframt opnar hann möguleika á frekari uppbyggingu ferðaþjónustu og siglinga í undraheima Hornstranda.
- Vetrarþjónusta á vegi norður í Árneshrepp er síðan sérstakt viðfangsefni. Það er krafa Fjórðungssambands Vestfirðinga að leiðin norður í Árneshrepp sé tekin af svokallaðir G reglu um snjómokstur, með snjómokstri vor og haust, yfir á F reglu með mokstri tvisvar í viku eða á annan reglubundin hátt eftir því sem aðstæður leyfa. **Árneshreppur er eina byggðarlag á landinu þar sem íbúum er ekki boðin aðgangur að reglubundnum landsamgöngum.** Áætlunarflug er vissulega til staðar en það er með þeim takmörkunum sem það hefur s.s. fjölda farþega og flutningsgetu. Árneshreppur er því eina byggðarlag á landinu, sem búa má við samgönguleysi mestallan veturinn
- Það sem einkennir not áætlunarflugvalla á Vestfjörðum er hin margvíslega þjónustusókn sem stjórnvöld hafa í auknu mæli lagt á íbúa á Vestfjörðum. **Stefna stjórnvalda með stækkun umdæma þjónustustofnana ríkisins og aukin áhersla á miðlæga þjónustu s.s. í heilbrigðiskerfi kallar á aukin ferðalög og er í forsendum varðandi uppbyggingu hátæknisjúkrahúss í Reykjavík. Til að sækja þessa þjónustu er flug í þessum efnem eina almenningssamgöngukerfi sem Vestfirðingar geta nýtt sér.** Flug tryggir einnig atvinnulífi þann hraða sem þarf að vera í samskiptum nú til dags og er hluti af jákvæðum þáttum sem atvinnulíf horfir til. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hagræði þess að komast á milli staða á 30-40 mínútum í stað 5-6 klst., ekki síst yfir vetrartímann. Nýjungar í ferðaþjónustu byggja hér allt sitt á, svo sem í sjóstangveiði.
- Meginmarkmið samgönguáætlunar um jákvæða byggðapróun með greiðum samgöngum íbúa inn á skilgreinda þjónustukjarna en samtímis stækkun þjónustusvæða og efling þjónustukjarna, standast því miður engan veginn.** Umfjöllun um flugmál og hér að framan er lýst, er ekki í samhengi við tillögu samgönguáætlunar að allt að 12 ára bið verði þar til að komið verði á heilsárstenging milli þjónustusvæða á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum, **sama á við veltengingu Árneshrepps við nágrennasveitarfélög.**“



Alþingi afgreiddi samgönguáætlun 2011-2022 með ákveðnum breytingum, sett var inn á áætlun um framkvæmdir á vegi um Bjarnafjarðarháls á tímabilinu 2015-2018, 400 mkr og framkvæmdir á vegi um Veiðileysuhálsi 2015-2018 en að meginhluta á tímabilinu 2019-2022, alls 570 mkr. Engin fjárveiting var veitt til brýnna endurbóta á Gjögurflugvelli.

Bið eftir úrbótum, eftir því hvenær framkvæmdir eiga að hefjast eru því 8 til 10 ár. Í stuttu máli er íbúum Árneshrepps tilkynnt að stjórnvöld hafi málefni þeirra í huga, en vísa endanlegri ákvörðun til seinni tíma. Hér eru endurtekin sömu mistök fyrri stjórnvalda, nægir þar að vísa til greinargerðar þingsályktunarinnar þar sem tilvitnanir eru í ræður þriggja forsætisráðherra. Vilji íbúa Árneshrepps um heilsársamgöngur með landvegi hefur hinsvegar legið fyrir um langa hríð.


Vandi stjórnvalda virðist vera, að þegar samþykkt er almenn stefnumörkun varðandi þjónustu ríkisins við íbúa landsins, þá sé ekki hugað að hvernig taka á sértækum viðfangsefnum sem falla utan hins almenna ramma. Í tilfelli Árneshrepps eru það gefnar forsendur eins og heilsársamgöngur sem ekki eru til staðar. Heykst hefur verið á ákvörðun um árabíl og málinu þvælt fram og aftur milli ráðuneyta og stofnana þeirra. Niðurstaðan er, að hvorki er hægt að taka ákvörðun um uppbyggingu vegar, endurbætur á flugvelli eða breyta snjómokstursreglum. Hér má einnig minna á að ríkisstyrkt áætlunarflug er í uppnámi, samanber fréttir síðustu vikna.

Alþingi hefur áður gripið inn í álíka stöðu og lýst vilja sínum og látið fylgja eftir nauðsynlegt fjármagn með sértækum aðgerðum. Dæmi hér um eru samgöngumál íbúa í Grímsey sem hafa verið leyst með viðunandi hætti, einnig má nefna stöðu íbúa Mjóafjarðar. Í hinu stærra samhengi, hafa samgöngumál til og frá Heimaey einnig tekið miklum stakkaskiptum og ákvarðanir hafa verið teknar um aðkallandi úrbætur svo sem með smíði á nýrrar ferju.

Þingsályktun frá Alþingi um heilsársamgöngur í Árneshreppi er því leið til að ná fram afstöðu löggjafans og fjárveitingarvaldsins til hins sértæka viðfangsefnis og leiðbeinir þar með framkvæmdavaldinu. Tillagan felur í sér að Vegagerðin leggi fram framkvæmdáætlun fyrir verkefnið. Með samþykkt Alþingis liggur vilji löggjafans fyrir en tryggja þarf um leið að Innanríkisráðuneyti og Vegagerðin taki málið strax til meðferðar. Vegagerðin þarf hugsanlega aukið fjármagn til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum, kanna þörf á umhverfismati og áætla framkvæmdakostnað. Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur því Alþingi til að samþykkja efni tillögunnar og fylgi henni eftir með ákvörðun um fjárveitingu til verkefnisins.

Ísafirði 23. nóvember 2012.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

  
Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri